

Alþingi
Erindi nr. P 127/1381
komudagur 20.3.2002

Nefndasvið Alþingis
b.t. Hildar Njarðvík, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2002


Arkitektafélag Íslands óskaði eftir og fékk til umsagnar 7. mars sl. frumvörp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (549. mál), opinberan stuðning við tæknipróun og nýsköpun (553. mál) og vísinda og tækniráð (539. mál).
Frestur til að skila umsögnum var til 18. mars.

Áhugi Arkitektafélags Íslands beinist fyrst og fremst að nauðsyn þess að hönnun og skipulagi verði tryggður ákveðinn sess í mótun lagaumhverfis um rannsóknir, þróun og nýsköpun. Hönnunar- og skipulagsgreinar eru í mikilli sókn hér á landi sem og annars staðar og hafa víða verið undirstaða velgengni þjóða í nýsköpun og framleiðslu. Hér á landi hefur því miður of lítið verið unnið á þessu sviði hingað til en gæti breyst með nýju lagaumhverfi.

Á þessum stutta tíma hafði Arkitektafélag Íslands því miður ekki tók á að gera beinar tillögur um breytingar eða viðauka í einstökum greinum fyrrnefndra frumvarpa en vill þó á þessu stigi málsins hvetja þær nefndir sem um málin fjalla til að gæta þess að hönnun og skipulag hljóti nauðsynlega viðurkenningu í fyrrgreindum frumvörpum.

Það er jafnframt ósk AÍ að fá að koma tímanlega að mótun reglugerða við fyrrnefnd frumvörp.

Virðingarfyllst,



Guðrún Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri AÍ